

Af því, sem hér hefur verið rakið, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi er greinir í ákæru, að öðru leyti en því að ósannað er að snjócoma og stormur hafi verið einmitt þá er slysið varð, og er hún brot gegn lagaákvæðum þeim sem þar eru nefnd.

Ákærði hefur samkv. sakavottorði ekki sætt neinni refsingu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15.000,00 kr. sekt í ríkissjóð er greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu en ella sæti hann 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið til ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. umfl. og telst hún hæfilega ákveðin 6 mánuðir frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla B. Garðarssonar hdl., kr. 8.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, greiði 15.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingunni en sæti ella 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla B. Garðarssonar hdl., kr. 8.000,00.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 137/1984. **Sigþór Guðmundsson**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Dagbjarti Jónssyni

(Árni Guðjónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann krefst sýknu af

kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að ómerkt verði fjárnám 24. nóvember 1983 í máli nr. A 3229/1983 fyrir fógetarétti Reykjavíkur.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámssgerðar svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Með því að engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð ber og að staðfesta hana.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámssgerð eru staðfest.

Áfrýjandi, Sigþór Guðmundsson, greiði stefnda, Dagbjarti Jónssyni, 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. september sl., hefur Dagbjartur M. Jónsson verslunarmaður, áður til heimilis að Fífuseli 34, Reykjavík, nú að Kríuhólum 6, Reykjavík, nnr. 1516-9338, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 1. febrúar sl. á hendur Sigþóri Guðmundssyni bifreiðasala, áður til heimilis að Fljótaseli 6, Reykjavík, nú að Fjarðar-ási 24, Reykjavík, nnr. 8098-3948.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum kr. 15.340,20 með 45% ársvöxtum frá 16.12. 1982 til stefnubirt-ingardags, en dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum skv. l. nr. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ og beri málskostnaður 5% dráttarvexti á mánuði frá lokum aðfararfrests til greiðsludags, sbr. 3. tl. 5. gr. taxta LMFÍ dags. 1.12. 1982.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

II.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveðst hinn 29.11. 1982 hafa keypt bifreiðina R-41271, Citroën GS Pallas, árgerð 1978, af stefnda. Kaupverð hafi verið kr. 90.000,00, sem

greitt hafi verið að fullu við undirritun afsals með kr. 20.000,00 í peningum, bifreið sinni Volga GAZ, árgerð 1970 metinni á kr. 10.000,00, og víxlum er greiðast skyldu mánaðarlega í 10 mánuði hver að fjárhæð kr. 6.000,00. Bifreiðin hafi verið keypt á Bílasölunni Skeifunni og hafi stefndi verið þar sölumaður og jafnframt eigandi bifreiðarinnar. Stefndi kveðst hafa skoðað bifreiðina á Bílasölunni og reynsluekið henni og ekkert fundið athugavert. Kveður hann stefnda hafa sagt að bifreiðin væri í góðu lagi og kveður hann sig hafa greitt fyrir hana hátt verð í trausti þess. Við skoðun bifreiðarinnar kveður hann kunningja sinn, Kjartan Einarsson að nafni, hafa verið með sér. Sama dag og kaupin voru gerð var stefnanda bent á það af Arnbirni Jónssyni, solumanni á Bifreiðasölunni Bílakaup, en þar hafi stefndi keypt bifreiðina, að komið hefðu fram grunsemdir um að vél bifreiðarinnar væri ekki í lagi, e.t.v. vegna bilaðs knastáss. Af þessum ástæðum og skv. ráðleggingum þessa manns, kveðst stefndi hafa farið næsta dag á Citroën verkstæðið við Súðarvog og látið skoða bifreiðina og fengið þar það álit, að knastás væri ónýtur. Stefndi kveðst strax hafa haft samband við stefnda og krafist riftunar kaupanna, en stefndi hafi ekki talið sér fært að verða við þeirri kröfu, þar eð hann hefði þegar eytt andvirði bifreiðarinnar. Hann hafi hins vegar boðið stefnanda að láta gera við bifreiðina þegar í stað á sinn kostnað og jafnframt að kosta bílaleigubifreið fyrir hann á meðan á viðgerðinni stæði. Stefndi kveðst í fyrstu hafa haldið fast við kröfu sína um riftun og leitað í því skyni aðstoðar lögmanns FÍB. Er það hafi ekki tekist hafi hann látið gera við bifreiðina gegn lofordi stefnda um að greiða viðgerðarkostnaðinn, en hann kveðst ekki hafa þorað að taka boði stefnda um bílaleigubifreið sér að kostnaðarlausu meðan á viðgerðinni stæði.

Stefndi heldur því fram að þegar hann hafi krafist riftunar kaupanna hafi komið fram að stefnda var kunnugt um að knastás bifreiðarinnar var í ólagi og að stefndi hafði vegna þessa haft samband við fyrri eiganda bifreiðarinnar, Svein R. Sveinsson, og bifreiðasöluna er annaðist sölu bifreiðinnar til stefnda. Einnig hafi hann látið bifvélaþvirkja athuga bifreiðina.

Stefndi kveður stefnda hafa kynnt sér hvað viðgerð á vél bifreiðarinnar myndi kosta, og einnig muni hann hafa leitað eftir því að nefndur Sveinn tæki þátt í viðgerðarkostnaðinum. Af hálfu stefnanda hafi honum þó verið tilkynnt fyrir viðgerðina að tilraunir hans til að fá aðra aðila til að bera hluta viðgerðarkostnaðarins væru alfarið hans mál, enda væri ekkert samningssamband milli stefnanda og þessara aðila. Stefndi heldur því fram að stefndi hafi ítrekað lofað að greiða viðgerðarkostnað bifreiðarinnar. Þann 8. desember 1982 kveðst stefndi hafa farið með bifreiðina á verkstæðið hjá Glóbusi hf., eftir að lögmáður FÍB hafði enn fengið staðfest

hjá stefnda að hann myndi greiða viðgerðarkostnaðinn. Þann 16. desember 1982 var viðgerð lokið og hafði þá verið gert við báða knastása bifreiðarinnar og hún vélarstillt í framhaldi af því, en í ljós hafi komið við viðgerðina að báðir knastásarnir voru ónýtir. Heildar viðgerðarkostnaður hafi numið kr. 19.582,75, sem var uphafleg krafa stefnanda. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða viðgerðarkostnaðinn, þrátt fyrir gefin loforð. Við flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 15.340,20 eða um þá liði viðgerðarreikningsins sem ekki voru nauðsynlegir til að bæta úr hinum meinta galla á bifreiðinni.

Kröfur sínar byggir stefnandi aðallega á því að stefndi, sem sé bílasali að atvinnu, hafi lofað að viðgerð bifreiðarinnar skyldi verða honum að kostnaðarlausu og að stefndi hafi með loforði sínu viðurkennt bótaskyldu sína. Stefndi, sem hafi kynnt sér viðgerðarkostnaðinn áður en viðgerðin fór fram, hljóti að bera halla af því að hafa eigi kynnt sér það nákvæmlega hversu mikill hann yrði.

Til vara byggir stefnandi kröfur sínar á því að bifreiðin hafi þurft viðgerðar á knastásnum þegar kaupin voru gerð, og hafi stefndi vitað af þessu en leynt stefnanda því þótt hann hafi mátt vita að það hlaut að vera ákvörðunarástæða við kaupin, að bifreiðin væri eigi svo illa farin, að mikillar viðgerðar væri þörf. Kveðst stefnandi hafa vitað að stefndi var bílasali og treyst því að upplýsingar hans væru trúverðugar.

Til þrautavara krefst stefnandi afsláttar er samsvari viðgerðarkostnaði, ef ekki verði talið sannað, að stefndi hafi verið grandvís um gallann, er kaupin áttu sér stað. Þessi málsástæða stefnanda var fyrst höfð uppi í greinargerð hans.

III.

Málavaxtalýsing stefnda:

Stefndi lýsir málavöxtum þannig að hann hafi keypt umrædda bifreið haustið 1982 af Guðbrandi Benediktssyni sem þá skömmu áður hafi keypt hana af Sveini R. Sveinssyni. Kveðst hann strax hafa orðið var við óeðlilegt hljóð eða tikk í vélinni. Hafi hann farið með bifreiðina á Citroën verkstæði í Skeifunni og hafi starfsmaður þar, sem hlustaði á ganghljóð vélarinnar, talið að það gæti stafað af biluðum knastás. Vegna þessa kveðst stefndi hafa haft samband við áður nefnda fyrri eigendur bifreiðarinnar. Hafi sérstaklega verið rætt um það, hvort verið gæti, að knastás eða knastásar bifreiðarinnar væru að gefa sig, en Sveinn R. Sveinsson hefði talið það mjög ólíklegt, þar sem hann hefði nokkru áður látið gera við þess háttar bilun í bifreiðinni.

Þá kveðst stefndi hafa fengið Theódór Friðgeirsson bifvélavirkja til að kanna hvort um knastásabilun væri að ræða og hafi niðurstaða hans verið

sú, að bilaður mundi vera gormur við ventil og stafaði hljóðið eða tikkið í vélinni af því. Hann kveðst þá ekki hafa haft frekari áhyggjur af þessu hljóði, sem hann þó taldi auðheyrilegt aukahljóð hverjum sem bæri nokkurt skyn á bílvélar.

Stefndi kveður stefnanda hafa komið á bifreiðasölu þá er hann vinnur á og fengið áhuga á bifreið sinni sem ekki hafa verið til sérstakrar sölu meðferðar. Hafi stefnandi rætt um kaupin og síðan farið og náð í féлага sinn, sem stefnandi hafi sagt að væri sérfræðingur í Citroën bifreiðum. Hafi stefnandi og maður þessi reynsluekið bifreiðinni og skoðað hana eins ræki-lega og best gerist á bifreiðasölu, m.a. hafi þeir verið nokkra stund að athuga vél bifreiðarinnar og haft vélarhlíf hennar opna. Síðan hafi verið gengið frá kaupunum og sé í afsali tekið fram, að bifreiðin sé seld „í sínu núverandi ástandi, sem kaupandi hefur þegar kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti.“ Undir þetta hafi stefnandi skrifað og félagi hans vottað. Stefndi telur rangt, að hann hafi verið spurður um ástand bifreiðarinnar og gefið yfirlýsingar um að hún væri í góðu lagi. Hann kveðst hins vegar hafa þagað yfir nefndu aukahljóði, enda talið bilunina smávægilega og að hljóð þetta ætti ekki að dyljast neinum þeim er skoðaði bifreiðina, allra sist sérfræðingi í Citroën bifreiðum.

Stefndi kveður það rétt að stefnandi hafi einum eða tveimur dögum eftir kaupin kvartað við sig vegna bilunar í knastás bifreiðarinnar og viljað rifta kaupunum, en stefndi kveðst ekki hafa getað orðið við því þar eð kaupverðinu hafði verið eytt.

Stefndi kveðst hafa viljað draga úr óánægju stefnanda, og þar sem fram hefði komið í samtölum hans við Svein R. Sveinsson að mögulegt væri að bilun á knastási fengist bætt að einhverju marki frá verksmiðjunum, þá hefði hann lagt til að franskir sérfræðingar frá Citroën verksmiðjunum, sem hér voru staddir á vegum verkstæðis umboðsins, Glóbusar hf., yrðu fengnir til að skoða bifreiðina og ef niðurstaða þeirra yrði sú, að um bilun í knastás væri að ræða, þá myndi hann, stefndi, vinna að því að stefnandi fengi þann meinta bótarétt er Sveinn R. Sveinsson kynni að hafa átt. Nefndur Sveinn hefði talið að möguleikar sínir til bóta væru mun meiri ef frönsku sérfræðingarnir staðreyndu knastásbilun. Hafi stefnanda verið gerð grein fyrir því að tilraunir stefnda til að afla stefnanda bóta væru við þetta miðaðar. Stefndi hafi hins vegar ekki haft samband við hina frönsku sérfræðinga, en sett bifreiðina til viðgerðar á verkstæði Glóbusar hf., eftir að þeir voru farnir eða 8. desember 1982 og þá án nokkurs samráðs við stefnda. Stefndi kveðst síðan hafa verið beðinn um að greiða viðgerðarreikning að fjárhæð rúmar kr. 19.000,00, sem hann hafi neitað, en þó reynt án skyldu að leysa málið með því að bjóðast til að greiða hluta reikningsins hjá lögmanni FÍB, en því hafi verið hafnað.

Stefndi mótmælir því að hafa nokkru sinni lofað að viðgerð sú, er fram fór á bifreiðinni hjá Glóbusi hf. 8.-16. desember 1982, skyldi verða stefnanda að kostnaðarlausu. Hann telur ekki hafa verið staðreynt að knastásar bifreiðarinnar hafi verið bilaðir, enda stangist það á við kannanir hans sjálfs á nauðsyn viðgerðar á bifreiðinni. Telur hann að nauðsynlegt hefði verið að dómkveðja matsmenn til að skera úr um þetta, enda um gamla og mikið ekna bifreið að ræða og slík bifreið geti verið í misjöfnu ástandi eins og kaupanda ætti að hafa verið ljóst. Stefndi mótmælir því að hann hafi leynt einhverju um ástand bifreiðarinnar við söluna og bendir á að hljóð eða tikk í vél hafi ekki leynt sér og gefið hafi verið upp að sérfróður maður skoðaði bifreiðina. Mótmælir hann því að hafa verið spurður um ástand bifreiðarinnar og að hafa lýst því yfir að hún væri í góðu ásigkomulagi.

Þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt kröfu um vexti og málskostnað. Upphafstíma vaxta og vaxtahlutfall telur hann vera umfram venju, þar sem reikningur sé dags. 16. desember 1982 og þá færður í viðskiptamannareikning. Þá kveðst hann engan reikning hafa fengið sendan áður en mál var sent lögmanni, og ekkert kröfubréf hafi borist honum áður en stefna var birt og því sé málskostnaði mótmælt.

IV.

Niðurstaða dómsins.

Skal nú fyrst tekið til athugunar hvort bifreiðin R-41271 hafi við lögskipti aðila haft meinta galla, þ.e. hvort knastásar hennar hafi verið bilaðir. Viðskipti aðila fóru fram þann 29. nóvember 1982. Kom strax upp grunur um bilun í vél bifreiðarinnar og var hún látin á verkstæði 8. desember 1982, þar sem staðreynt var af hálfu verkstæðisins, sem er verkstæði umbods Citroën bifreiða á Íslandi, Glóbusar hf., að um bilun í knastásum væri að ræða og var skipt um báða knastása bifreiðarinnar. Einnig er upplýst, að bilunar hafði orðið vart, áður en kaupin voru gerð og að komið höfðu fram grunsemdir um að um bilun á knastás eða knastásum væri að ræða. Samkvæmt lýsingu vitnisins Egils Arnar Jóhannssonar, verkstæðisformanns hjá Glóbusi hf., þar sem viðgerðin fór fram, var annar knastás bifreiðarinnar ónýtur þegar hún kom á verkstæðið en sá á hinum og taldi hann skemmdir þá fljótar að koma fram. Kvað vitnið bilunina hafa verið þá að festing fyrir rokkerarmaás hafi verið sprungin og við það hafi ásinn snúist þannig að hann náði ekki lengur að smyrja út á rokkerarma og knastás þannig að olía komst ekki lengur sína leið eftir smurrásum rokkerarmaássins út á rokkerarma og knastás og hefði það leitt til áðurnefndra skemmda.

Að mati vitnisins var viðgerð nauðsynleg á báðum knastásum, þar sem stutt var í að skipta þyrfti um þann skárri og hagkvæmt var að gera það

þar sem búið var að rífa ofan af vélinni. Það er álit dómsins að með ofangreindum vitnisburði sem og með framburðum aðila og annarra vitna, sem gefnir hafa verið hér fyrir dóminum og hjá RLR um ástand og sögu bifreiðarinnar, og með tilliti til þess hversu stuttur tími líður á milli kaupanna og viðgerðarinnar, sé sannað, að bifreiðin R-41271 hafi haft þann ágalla er viðskipti aðila máls þessa áttu sér stað, að báðir knastásar í vél hennar hafi verið illa farnir og að eðlilegt hafi verið að skipta um þá báða.

Aðalkrafa stefnanda byggist á því, að stefndi hafi lofað að greiða kostnað við viðgerð bifreiðarinnar sem og bilaleigubifreið fyrir stefnanda meðan á viðgerðinni stæði og að þetta loforð, sem gefið hafi verið sér og lögmanni sínum, hafi verið bindandi fyrir hann. Hefur stefnandi máli sínu til sönnunar lagt fram skýrslu, sem tekin var af lögmanni FÍB og umboðsmanni hans við rekstur máls þessa af RLR. Lögmaðurinn kveður þar stefnda hafa í samtölum við sig boðið að kosta viðgerð bifreiðarinnar og bilaleigubíl meðan á viðgerðinni stæði. Stefnandi hefði viljað rifta kaupunum, en fallist á að láta gera við bifreiðina á kostnað stefnda en hafnað boði um bilaleigubíl. Viðgerðarkostnaður hafi síðan orðið hærri en stefndi hafi búið við og hann þá neitað að greiða hann, en þó komið til sin nokkrum dögum síðar og viljað greiða hluta hans, sem stefnandi hafi hafnað. Stefnandi hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa boðist til þess, er stefnandi fór fram á riftun kaupanna, að greiða bilaleigubifreið og viðgerðarkostnaðinn svo framarlega sem staðið væri að athugun á bilun og viðgerð á tiltekinn hátt, þ.e. að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu hugsanlegs bótaréttar á hendur Citroën-verksmiðjunum. Átti að gera það með því að láta franska sérfræðinga frá móðurverksmiðjunum, sem staddir voru hér á landi, skoða bifreiðina. Fullyrðir stefndi að stefnandi hafi hafnað þessu boði og sé hann því ekki bundinn af því, enda hafi hann ekki endurnýjað það og stefnandi hafi ekki gætt þessara skilyrða við viðgerð bifreiðarinnar. Stefnandi hefur neitað því að minnst hafi verið á að bifreiðin færi á ákveðið verkstæði eða að sérstök skilyrði væru sett. Hann kveður rétt að í fyrstu hafi hann aðeins viljað rifta kaupunum, en síðar hafi náðst samkomulag og hafi bifreiðin verið sett í viðgerð með vitund stefnda og gegn loforði hans um að greiða viðgerðarkostnaðinn. Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður ekki talið sannað gegn mótmælum stefnda að hann hafi gefið stefnanda óskilyrt loforð um greiðslu viðgerðarkostnaðar, sem sé bindandi fyrir hann.

Skal þá tekið til athugunar hvort stefndi sé bótaskyldur vegna þess galla er bifreiðin var haldin er hann seldi hana stefnanda máls þessa.

Vitnið Reynir Þorgrímsson kveður stefnda hafa keypt bifreiðina R-41271 þann 28. okt. 1982 fyrir milligöngu bílasölnunnar Bílakaup, sem hann sé eigandi að. Hafi stefndi skoðað bílinn og reynsluekið honum. Kveður vitnið

hann gagnkunnugan þessari bílategund. Næsta dag kveður vitnið stefnda hafa komið á bílasöluna og viljað rifta kaupunum á þeim forsendum að knastás í vél bifreiðarinnar væri ónýtur. Hefði hann sagst vera búinn að fara með bifreiðina á verkstæði og hafa fengið staðfestingu á þessu þar. Hafi stefndi oftari farið fram á riftun þessara kaupa en vitnið kveðst alltaf hafa sagt honum að það yrði að bíða þar til seljandi bifreiðarinnar kæmi heim frá útlöndum. Næst kveðst vitnið hafa vitað það til þessa bíls að stefnandi kom með hann á bílasölu þess til að sýna hann kunningja sínum, Arnbirni Jónssyni, sem þar vinnur. Hafi Arnbjörn áttað sig á hvaða bill þetta var og hafi þeir sagt stefnanda frá þeirri kvörtun stefnda að knastás væri ónýtur í bílnum. Hafi stefnandi orðið mjög undrandi á þessu og fullyrt að stefndi hefði talið bifreiðina í góðu lagi.

Stefndi kveður rangt að hann hafi krafist riftunar heldur hafi hann látið vita af því að um hugsanlega knastásabilun í bílnum væri að ræða og rætt síðar við vitnið til að fá umboð vegna umskráningar. Kveðst hann ekki hafa tekið eftir neinum ágalla við skoðun bifreiðarinnar, en fljótlega eftir kaupin hafi hann tekið eftir tikkhljóði í vélinni sem viðgerðarmaður á Citroën verkstæðinu í Súðarvoggi hafi talið geta stafað af biluðum knastás. Hefði hann þá haft samband við tvo síðustu eigendur bifreiðarinnar til að kanna hvort þetta gæti verið. Sveinn R. Sveinsson, sem átt hefði bifreiðina á undan þeim er seldi stefnda, hefði talið mjög ólíklegt að um bilun í knastás væri að ræða þar eð hann hefði nýlega látið skipta um báða knastása bifreiðarinnar. Næst kveðst stefndi hafa fengið Theódór Friðgeirsson bifvélavirkja til að kanna hvort um knastásabilun væri að ræða. Að lokinni skoðun hafi Theódór Friðgeirsson sagt, að hann sæi ekkert á knastásunum og talið að bilaður mundi vera gormur við ventil í vélinni. Stefndi neitar því að stefnandi hafi spurt um ástand bifreiðarinnar og telur hann hafa haft sérfræðing í Citroën bifreiðum með sér. Stefndi viðurkennir hins vegar að hafa þagað yfir aukahljóði í vél bifreiðarinnar og kveðst ekki hafa bent sérstaklega á bilunina við söluna. Kveður hann hljóðið ekki hafa átt að leynast fyrir neinum og bilunina taldi hann vera smávægilega, þ.e. bilaður ventilgormur.

Samkvæmt framburði Theódórs Friðgeirssonar, sem hann gaf hjá RLR 01.06. 1983, leit hann á rauðan Citroën Pallas bíl fyrir stefnda e-n tímann á árinu 1982 og var mikið bankhljóð í vél bílsins, sem stefndi hafi ekki virst vita af hverju stafaði en óskað eftir að hann lagfærði það, ef ekki þyrfti að kosta miklu til. Kvaðst hann hafa stillt ventla vélarinnar en hljóðið ekki breyst við það og hafi hann þá haft samband við stefnda og tjáð honum að hann teldi að brotinn væri ventilgormur, en ekki yrði gert við það nema taka ofan af vélinni, en stefndi hafi ekki óskað eftir viðgerð eða nánari athugun á þessu. Kvað hann stefnda ekki hafa óskað eftir að

athugað væri hvort um knastásabilun væri að ræða og hafi hann ekkert spurt um hvort knastásar væru í lagi. Kvað vitnið að þurft hefði að rífa ofan af vél bifreiðarinnar til að ganga úr skugga um það. Stefndi hefur fullyrt að hann hafi látið kanna það sérstaklega hvort um knastásabilun væri að ræða. Sú fullyrðing hans er ósönnuð og stangast á við framburð Theódórs Friðgeirssonar. Ljóst er að með skoðun Theódórs Friðgeirssonar var ekki gengið úr skugga um það af hvaða orsökum aukahljóð í vél bifreiðarinnar stafaði.

Stefndi heldur því fram að hann hafi talið bilunina smávægilega og auka-
hljóð í vél bifreiðarinnar auðheyrð og því ekki talið ástæðu til að benda á það. Einnig hefur hann borið fyrir sig að sérfræðingur í Citroën bifreið-
um hafi verið með stefnanda. Stefnandi hefur mótmælt því að félagi hans hafi verið kynntur sem slíkur og er þessi fullyrðing stefnda ósönnuð. Komið hefur fram í málinu að Kjartan Einarsson, sem kom með stefnanda að skoða bifreiðina, er sjómaður að atvinnu, starfar nánar tiltekið sem vél-
stjóri með undanþágu á báti frá Keflavík. Stefndi vissi að e-r bilun var í vél bifreiðarinnar. Hann hafði fengið álit tveggja viðgerðarmanna. Taldi annar að um bilun í knastás eða ásum gæti verið að ræða en hinn að slitinn væri ventilgormur. Dómurinn telur að upplýst sé samkvæmt ofanrituðu að stefndi hafi haft grunsemdir um að bilaður væri knastás eða ásar í bifreið-
inni. Það verður ekki talið að kaupandi við venjulega skoðun á bílasölu ætti að hafa áttað sig á þeim galla sem var á bifreiðinni. Stefndi, sem hefur bifreiðasölu að atvinnu, mátti vita að það myndi hafa áhrif á afstöðu kaupandans til kaupanna og til verðlagningar bifreiðarinnar ef hann vissi að grunur léki á að um bilun í vél bifreiðarinnar væri að ræða sem og hvers eðlis hún væri. Þar sem stefnda mátti vera þetta allt ljóst bar honum að upplýsa stefnanda um vélarbilunina og um það hverjar grunsemdir hefðu komið fram um eðli hennar, jafnvel þótt hann sjálfur teldi bilunina smávægilega eða annars eðlis. Stefndi hefur því ekki að mati dómsins gætt upplýsingaskyldu sinnar og þar sem stefnandi verður ekki talinn hafa átt að sjá gallann við venjulega skoðun, telst stefndur bótaskyldur skv. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Telst framlagður viðgerðar-
reikningur dags. 16. desember 1982 fullnægjandi sönnunargagn fyrir tjóni stefnanda og bótagrundvöllur rétt ákvarðaður með þeim breytingum sem fram koma í endanlegri kröfugerð stefnanda. Dæmist stefndi því til að greiða stefnanda bætur kr. 15.340,20. Stefndi hefur sérstaklega mótmælt kröfum um vexti og málskostnað. Telja verður að með samtölum aðila og munnlegum kröfum hafi stefndi fengið nægar aðvaranir og fullnægjandi vitneskju um málið og þykir því ekki ástæða til að lækka málskostnað. Viðgerð lauk þann 16. desember 1982 og skal stefndi greiða 42% ársvexti frá þeim degi til 1. febrúar 1983, 47% ársvexti frá þeim degi til 21. septem-

ber 1983, en 39% ársvexti frá þeim degi til dómsuppsögudags, 10. október 1983 og hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður ákveðst kr. 9.500,00. Kröfu stefnanda um dráttarvexti á málskostnað er hafnað.

Dóminn kváðu upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari, Finnboði Eyjólfsson bifvélavirkjameistari og Haraldur Þórðarson bifreiðasmíðameistari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigþór Guðmundsson, Fjarðarási 24, Reykjavík, nnr. 8098-3948, greiði stefnanda, Dagbjarti M. Jónssyni, Kriuhólum 6, Reykjavík, nnr. 1516-9338, kr. 15.340,20 með 42% ársvöxtum frá 16. des. 1982 til 1. febrúar 1983, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 10. október 1983 og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. mars 1986.

Nr. 92/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sparisjóði Kópavogs

Kærumál. Hald á skjölum. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Logi Egilsson, fulltrúi bæjarfógetans í Ólafsvík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar sl. er barst Hæstarétti 10. þ.m. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og veðskuldabréf þau, sem hann